

# UPPSETNING Á YLEININGUM

## 1. Undirbúningur:

- Þakflötur mældur upp. Grunnlína snúruð og önnur lína hornrétt á hana. (ath. reglu um réttthyrnda þríhyrninga t.d. 3-4-5, 6-8-10).
- Fyrsta eining sem á að nota er tekin úr bretti og sett á búkka þannig að bárunnar snúi upp. Yfirborð búkka þarf að vera slétt og hreint þannig að neðri brún einingar rispist ekki. Einingin vegur um 15 kg metrin þannig að lengstu einingarnar, 12m, vega um 150 kg og eru því 2-4 manna tók.
- Veggflötur er mældur upp. Lárétt lína er tekin fyrir neðstu brún eininga, merkt upp á burðarvirki. Liggjandi veggeiningum er ræðað neðan frá og upp. Fylgjast skal með því að langskeyti falli sem best að innanverðu og að þéttlistar gægist hvergi út.

## 2. Vinna við einingu fyrir hífingu:

- Illmod borðar eru límdur á einingu. Annar borðinn er límdur á falsið á neðra byrðinu. Hinn borðinn er límdur undir hábáruna á efra byrðinu þannig að hann lenti á til þess gerðu úrtaki í sköruninni. Einnig er hægt að líma borðann ofan á hábáru fyrri plötunnar, í fyrrgreint úrtak, en þá er meiri hætt á að skörunarbára efri einingarinnar rekist í listann og hann verði fyrir hnjaski.
- Ef um er að ræða enda að mæni þá þarf að beygja upp lágbáruna með til þess gerðu klaufjárni.

## 3. Undirbúningur á burðarvirki fyrir hífingu.

- Innri áfellum er komið fyrir. Um er að ræða slétta vinkla við þakbrúnir og gafla og slétta renninga á samskeytalangband ef þannig háttar. Ef langband er í mæni þá kemur áfella á það annars draghnóðast innri kjölur eftir á. Kíttistaumur komi á allar innri áfellur sem eining sest á.

**Áriðandi er að kittistaumur sé nógu þykkur til að fylla alveg á milli einingar og áfelli.**

## 4. Hífing á einingu.

- Hífingarklemmur eru settar á eininguna. Staðsetning þeirra þarf að taka mið af langböndum og halla einingar í endanlegri stóðu. Alltaf eru notaðar tvær klemmur. Tvö augu eru á klemmunum fyrir lása eða bönd, annarsvegar fyrir þakhífingar, hinsvegar fyrir vegghífingar. Kranakeðjum(-stroffum) er krækt í klemmur. Gott er að setja bönd í a.m.k. aðra klemmuna til að halda við eininguna í hífingunni.
- Einingin er hífd upp og staðsett skv. útmælingu í lið 1. og fest tryggilega.
- Næstu einingar eru hífðar á sinn stað eftir undirbúning skv. lið 2. Gott er að tylla einingu með einni skrúfu í neðsta langband.
- Lagðar eru út 4-6 einingar eftir því sem henta þykir m.t.t. mátlína hússins.

## 5. Afrétting á einingum.

- **Mikilvægt er að pressa einingarnar í sama mál í báða enda.**
- Hver eining klæðir 1000 - 1003 mm.
- Viðbúid er að pressa þurfi einingar í þaki um 10 - 20 mm. Þegar pressað er þarf að losa um skrúfur sem notaðar voru til að tylla einingunum að neðan. Þessu næst eru einingar fullskrúfaðar og næstu 4-6 einingar settar niður á sama hátt og að framan er lýst.

**Mikilvægt er að verklýsingu sé fylgt eftir þannig að árangur verði sem bestur.**

### Til fróðleiks:


Vaðandi mönnun verksins er algengt að 2-3 menn séu niðri og 3-4 í uppsetningu eininga, fleiri í stórum verkum. Toppar í skrúfvélar eru 10 mm eða 3/8".

**Tafla sýnir mismunandi borstærðir fyrir mismunandi stálþykkt sem borað er í**

Stálþykkt	Borstærð	Skrúfur
1,0 - 2,0 mm	Ø 4,00 mm	A
2,1 - 3,0 mm	Ø 5,05 mm	A
3,1 - 3,9 mm	Ø 5,05 mm	BZ
4,0 - 8,0 mm	Ø 5,65 mm	BZ
8,1 - 15,0 mm	Ø 5,80 mm	BZ
+ 15,0 mm	Ø 5,95 mm	BZ

## ALMENNAR SKÝRINGAR

ST-107 ÞV YLEININGUM



- ① 0,6 mm STÁLPLÖTUR, GALVANISERADAR OG GRUNNMÁLADAR Á BÁÐUM HLIÐUM. ÚTHLIÐ STÁLPLATA ER AUK ÞESS HÚÐUÐ MEÐ 0,2 mm PLASTISOLFILMU (PVC).
- ② PIR-EINANGRUN, SJÁLFSLÖKKANDI OG ILLTENDRANLEG KÓLNUNARTALA FYRIR EINGU 0,29 W/m² \*C

Litur	Úti	Inni
ÞAK	Gæsagrátt (7038)	Hvítur (9010)
VEGGIR	Hvítt (9010)	Hvítt (9010)

